

Textílmennt 9. bekkur

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

9

Skólaárið

2025 - 2026.

Helstu námsþættir vetrarins

Í 9. bekk er unnið með yfirþemað „Borð fyrir einn“ þar sem nemendur fá að hanna og búa til ýmislegt sem hægt er að leggja á borð. Verkefnið er samþætting textílmenntar, myndmenntar og hönnunar og smíði. Í textílmennt sauma nemendur diskamottu eða servíettu að eigin vali. Í myndmennt fá þeir að móta kökudisk úr leir og glerja hann. Í hönnun og smíði smíða þeir kökuspaða eða kökuhníf eftir eigin sköpun. Í lok skólaárs halda nemendur kökuboð og sýna um leið verk sín þar sem forráðamönnum verður boðið að koma og sjá afraksturinn.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í þrem lotum og hver nemandi fær eina 60 mínútna kennslustund á viku.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

Námsmat

Kennaramat og lokamat í verkgreinum. Kennari metur frammistöðu og virkni nemanda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Í 9. bekk er gefin sameiginleg lokaeinkunn fyrir verkgreinar sem samanstendur af textílmennt og hönnun og smíði. Lokamatið fylgir nemendum úr grunnskóla.

Námsgögn

Glærukynning, bækur, blöð, ljósrit, efniviður og annað sem til fellur í hverri námsgrein.